



Sólvallagötu 6a 230 Keflavík  
Sími: 420 1450 Fax: 420 1459  
Netfang: [mylla@myllubakkaskoli.is](mailto:mylla@myllubakkaskoli.is)

# Myllan

FRÉTTABRÉF

2. tbl. 25. úrgangur maí 2009

## Í þessari Myllu

### Unga fólkið og vísindin

**PBS**

**Heimsókn frá Kristiansand**

**Foreldrafélagið**

**Myndlistaval**

**Innritun í framhaldsskóla**

**Samræmd próf næsta haust**

**Ábyrg netnotkun**

**Sumarlestur**

**Vorferðir**

**Vorferð hjá 10. bekk**

**Íþrótt- og grilldagur**

**Kennsla og útvíst**

**Óskilamunir**

**Skólaslit**

## Unga fólkið og vísindin

Tólf nemendur úr 7. - 10. bekk tóku þátt í hinum árlega viðburði „Virkjum vísindin, og hugvit unga fólksins“. Sex lið frá 5 skólum í Reykjanesbæ og eitt lið frá Stóru-Vogaskóla kepptu og keppnin fór fram í Akurskóla 14. maí. Þetta er annað árið sem nemendur úr Myllubakkaskóla eru með. Þemað í ár var smíði báts sem knúinn var vistvænni orku.

Metið var hversu hratt báturinn komst, hversu beint hann sigldi og hve vel hann var hannaður. Allur gangur var á sjóhæfni bátanna.

Keppt var í reiptogi á milli liða yfir sundlaugina í Akurskóla. Lið Myllubakkaskóla vann í þeirri keppni. Síðast en ekki síst var keppt í vísindahlaupi. Þar fóru liðin á milli 10 stöðva og áttu að leysa þrautir á sem skemmstum tíma.

Það má með sanni segja að okkar fólk hafi staðið sig með mikilli þryði.



**PBS**



Áætlun um innleiðingu PBS gengur samkvæmt væntingum. Allir bekkir skólans hafa fengið umbun fyrir góða hegðun og sumir oftast en einu sinni. Starfsfólk skólans er sammála um að nemendur séu kurteisari og gangi betur um ganga og matsal. Verkið tekur 3-5 ár svo segja má að við séum aðeins að stíga fyrstu skrefin.

## Heimsókn frá Kristiansand

Mánudaginn 23. mars síðastliðinn fékk 7. bekkur heimsókn frá norskum jafnöldrum frá vinabænum Kristiansand. Þau voru í skólaferðalagi og óskuðu eftir að fá að eyða með okkur einum degi. Kiddi, Íris og Skúli námsráðgjafi skipulögðu dagskrá frá átta til þrjú og var hugmyndin að nemendurnir myndu blandast í hóp og að allir fengju notið sín.

Fyrst kynntu sig allir innan hópanna og svo var spilað „stress“. Síðan fengu allir ávexti. Eftir frímínútur var svo farið í ratleik sem gekk út á það að fara eftir korti að nokkrum þekktum minnismerkjum hér í bænum, fræðast aðeins um merkin og sækja um leið hluta af hráefni í vöflur sem síðan voru bakaðar þegar nemendur komu til baka með allt sem til þurfti. Sýndu margir snilldartakta við vöflujárnið. Að lokum var sest við langborð þar sem vöflurnar runnu ljúflega niður.

Næst sungum við saman, bæði íslensk þjóðlög, norska söngva og enska slagara.

Að lokum fórum við upp í íþróttahús og kepptum „landsleiki“ í fótbolta og bandí. Dagurinn var með eindæmum skemmtilegur og allir fóru heim með bros á vör!



## Foreldrafélagið

Aðalfundur félagsins var haldinn 5. maí s.l. Þökkum við þeim sem mættu og Ölmur fyrir hennar innlegg um PBS. Sex af sjö manna stjórn mun sitja áfram næsta skólaár. Hins vegar vantar einn í stjórn og ef einhver hefur áhuga getur hann haft samband við formann félagsins. Fulltrúi stjórnar í skólaráði hættir og þarf að manna þá stöðu fyrir komandi vetur.

Félagið veitti styrki til skólans en þeir voru eftirfarandi: kr. 100.000 í heimasíðuna, í vorferð 10. bekkjar kr: 30.000 ( ca. 60 krakkar ) og vorferðir 1.-9. bekkjar kr: 90.000 (ca. 300 krakkar ). Þessir peningar innheimtust í haust og eru því að fara til heimilanna aftur. Markmið félagsins er að nota þá peninga sem innheimtast í þau málefni sem þykja brýnust hverju sinni. FFM hefur innheimt kr. 750 á heimili og er það mun minni upphæð en önnur foreldrafélög skólanna í bæjarfélaginu eru með. Á aðalfundinum var samþykkt að hækka gjöldin í kr. 1500 og vonum við að foreldrar taki því vel.

Á fundi FFGIR 30. apríl s.l. var samþykkt að veita FFM styrk frá FFGIR úr Manngildissjóði, kr. 50.000 til að styðja við útivakt í einum frímínútum skólans. Það mun verða útfært á þá leið að nemendur í 10. bekk sinni útivakt í frímínútum á komandi skólaári. Þannig vinna þeir sér inn fjárhæð sem rennur óskipt í ferðasjóð að vori. Með verkefninu vill foreldrafélag Myllubakkaskóla styðja við félagsþroska nemenda og ábyrgð og auka enn frekar öryggi rúmlega 200 barna sem nýta útisvæði í frímínútum.

Stjórnin þakkar gott samstarf í vetur við skólastjórnendur, bekkjarfulltrúa og aðra foreldra. Hlökkum til að takast á við ný verkefni á komandi vetri.

Takk fyrir veturinn og gleðilegt sumar.

Stjórn FFM

## Myndlistarval

Í vetur hefur einn hópur úr 9. og 10. bekk verið í Myndlistarvali hjá Siggu Dís. Viðfangsefni hafa verið mjög fjölbreytt og hafa nemendur unnið með hin ýmsu efni eins og olíu-, vatns- og akrylliti. Nemendur hafa unnið lágmyndir úr gifsi, mótað úr gifsi, skorið í dúk og gert grafíkmyndir og bókverk. Þá hafa þau teiknað bæði uppstillingar og sjálfsmyndir og fleira. Hópurinn hefur verið mjög áhugasamur og jákvæður og mætt vel. Margir góðir framtíðarlistamenn þar á ferð.



## Samræmd próf næsta haust

Samræmd könnunarpróf í íslensku og stærðfræði eru lögð fyrir alla nemendur í 4. og 7. bekk í byrjun hvers skólaárs. Frá og með hausti 2009 mun það sama gilda um nemendur 10. bekkjar sem þá taka samræmd könnunarpróf í þremur greinum, þ.e. íslensku, stærðfræði og ensku. Þar með falla niður samræmd lokapróf í 10. bekk. Prófin verða lögð fyrir 14. – 18. september. Tilgangur samræmdra prófa er að athuga, eftir því sem kostur er, hvort námsmarkmiðum aðalnámskrár í viðkomandi námsgrein eða námsþáttum hafi verið náð. Niðurstaðan á að vera leiðbeinandi um áherslur í kennslu einstakra nemenda og hópa. Einnig er tilgangurinn að veita foreldrum upplýsingar um námsárangur og námsstöðu nemenda.

## Sumarlestur

Eins og undanfarin sumur verðum við í samvinnu við Bókasafn Reykjanesbæjar. Að því tilefni hvetjum við nemendur okkar til sumarlesturs. Í skólalok fá nemendur skráningarkort þar sem þeir skrá allar þær bækur sem þeir lesa yfir sumartímann. Skráningarkortið gildir bæði fyrir skólann og á Bókasafni Reykjanesbæjar. Kortinu er síðan skilað inn til umsjónarkennara í skólabyrjun næsta haust og veitir skólinn viðurkenningar til þeirra nemenda sem tekið hafa þátt í sumarlestrinum.



Nemendur 1. bekkjar fengu nýverið reidhjólalálmna að gjöf frá Kíwaníshreyfingunni í samvinnu við Eimskíp.

## Innritun í framhaldsskóla

Allir nemendur 10. bekkjar fá sendan veflykil með bréfpósti sem þeir nota við innritun í framhaldsskóla. Skólinn býður nemendum upp á aðstoð við innritun fimmtudaginn 4. júní en við vekjum athygli á að innritunin er á ábyrgð nemenda og foreldra þeirra. Síðasti dagur innritunar er fimmtudagurinn 11. júní. Nánari upplýsingar gefur námsráðgjafi skólans.

## Ábyrg netnotkun

Fimmtudaginn 30. apríl komu þeir Hafþór B. Birgisson og Kristján Freyr Geirsson í heimsókn í skólann. Þeir ræddu við nemendur 8. og 10. bekkja um tölvu- og netnotkun og þær hættur sem þar geta leynst. Foreldrar voru einnig boðaðir en því miður mættu einungis 4 foreldrar sem verður að teljast afskaplega dræm þátttaka. Ekki sist í ljósi þess að hætturnar í netheiminum eru fjölmargar og því mikilvægt fyrir foreldra að fylgjast vel með netnotkun barna sinna. Fyrir þá sem vilja kynna sér málið má hafa samband við námsráðgjafa skólans.

Allir að muna að skila bókasafns- og kennslubókum fyrir sumarfrí.

## Vorferðir

### **Þriðjudagur 2. júní:**

3. og 4. bekkur fer í Húsdýragarðinn

Tími ferðalags: 8:30 - 14:00

Verð: 500 kr.

**Mæting kl. 8:10 við heimastofu.**

9. bekkur fer til Stokkseyrar og Eyrarbakka

Tími ferðalags: 9:30 - 17:00

Verð: 500 kr.

**Mæting kl. 9:15 við heimastofu.**

### **Miðvikudagur 3. júní**

1. og 2. bekkur fer í Sólbrekkuskóg

Tími ferðalags: 8:30 - 13:00

5. og 6. bekkur fer í Suðurnesjaferð

Tími ferðalags: 8:30 - 15:00

Verð: 500 kr.

**Mæting kl. 8:10 við heimastofu.**

### **Fimmtudagur 4. júní**

7. og 8. bekkur fer í ferð til Reykjavíkur

Tími ferðalags: 8:30 - 16:00.

Verð 500 kr.

**Mæting kl. 8:10 við heimastofu.**

## Kennsla og útivist

Þegar hlýnar í veðri og sól hækkar á lofti færast skólastarfið að nokkru leyti út fyrir vegg skólans. Sumir fara í ferðalög, gönguferðir um bæinn, leiki eða sund meðan aðrir verða við vinnu í skólanum eða nágrenni hans. Við hvetjum foreldra til að fylgjast með dagskránni frá degi til dags.

## Óskilamunir

Vinsamlegast kíkið á óskilamuni áður en þið farið í sumarfrí. Mikið liggur af úlpum, íþróttapokum, vettlingum og fleiru í óskilamunakössum hjá húsverði.

## Vorferðalag hjá 10. bekk

Skúmurinn og lundinn í Örafunum bíða nú eftir fjörkálfunum úr Myllubakkaskóla. Nemendur ætla að leggja af stað í vorferð 25. maí. Ætlunin er að fara í flúðasiglingu, klífa kletta, síga í björg, aka út í Ingólfshöfða, sigla á Jökulsárlóninu, ganga að Svartafossi í Skaftafelli, synda, syngja og hoppa og heilsa upp á fuglana. Vordagar skólans eru yndislegasti tími tíundubekkinga.

## Íþrótt- og grilldagur

Íþrótt- og grilldagur skólans verður föstudaginn 29. maí. Farið verður í leiki og keppt í hinum ýmsu íþróttagreinum. Að keppni lokinni verður grillað. Nemendur skulu hafa með sér drykk, pylsur og pylsubrauð en boðið verður upp á tómatsósu og sinnep. Dagskráin hefst kl. 8:10 og lýkur kl. 11:30.

**Foreldrar eru hjartanlega velkomnir.**

Mánudaginn  
8. júní er starfsdagur  
kennara og þá er jafnframt  
síðasti dagurinn í  
Frístundaskólanum.

## Skólaslit

**Skólaslit Myllubakkaskóla fara fram á sal skólans þriðjudaginn 9. júní.**

**Nemendur mæti sem hér segir:  
1., 2., 3. og 4. bekkur klukkan 9:00  
5., 6. og 7. bekkur klukkan 10:30  
8., 9. og 10. bekkur klukkan 12:00**

**Foreldrar eru hjartanlega velkomnir.**